

**KYNH2AB05****Kynheilbrigði – Einstaklingurinn og samfélagið****Undanfarar:**

Enginn undanfari er að áfanganum. Áfanginn er ekki undanfari að öðrum áföngum. Áfanginn getur talist með sálfræði í kjörgreinavali á opinni braut eða sem frjálst val á öllum brautum.

**Stutt lýsing á efni áfangans:**

Áfanginn fjallar um kynheilbrigði í víðum skilningi. Sérstök áhersla er sett á kynheilbrigði unglunga en nemendur læra um kynferðisþroska frá fæðingu og út lífið. Til umfjöllunar í áfanganum er meðal annars kynferðisþroski, frjósemisheilbrigði, kynfærin, smitsjúkdómar og varnir gegn þeim, sjálfsmynd og líkamsímynd, ofbeldismenning, mismunandi kynhegðun, mörk og samþykki, ábyrgð og klám. Í tengslum við öll þessi atriði og fleiri verða ræddir samfélagslegir þættir sem hafa áhrif á okkur sem kynverur, hinsegin veruleiki og kynjakerfið. Í áfanganum gefst nemendum tækifæri á að vinna fjölbreytt verkefni innan kennslustunda og utan og eiga samtal við samnemendur á jafningjagrundvelli.

**Nokkur lykilhugtök áfangans:**

Kynfræðsla, kynheilbrigði, frjósemi, kynsjúkdómar, sjálfsmynd, líkamsímynd, kynferðisleg ánægja, kynverund, samskipti, samþykki, mörk, kynjakerfið, kynlífshandritið, klám/klámvæðing, væntingar.

**Námsmat:**

Dagbók, að föndra kynfæri, greining á lagatexta, lokaverkefni. Mikil áhersla er lögð á góða mætingu.

---